

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt. dags.	16.01.2017
Málalýkill	00.2
Mál nr.	1701198



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 101 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamalaraduneyti.is

Garðabær
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri
Bæjarskrifstofum, Garðatorgi 7210
210 Garðabæ

Reykjavík 11. janúar 2017
Tilv.: MMR16120136/2.2.5.2-

Efni: Óskað tilnefninga í skólanefnd Fjölbautaskólans í Garðabæ

Samkvæmt 5. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, skipar mennta- og menningarmálaráðherra skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd sitja fimm menn, tveir skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar/sveitarstjórna og þrír án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

Skipunartíma núverandi skólanefndar við Fjölbautaskólann í Garðabæ lauk 6. janúar sl. Af ofangreindu tilefni er þess farið á leit, að Garðabær tilnefni tvo aðalfulltrúa og aðra tvo til vara í skólanefnd Fjölbautaskólans í Garðabæ.

Þess er óskað að tilnefningarnar berist ráðuneytinu eigi síðar en 1. febrúar næstkomandi. Vinsamlegast látið fylgja heimilisfang og kennitölu tilnefndra aðila.

Með skirskotun til þessa ákvæðis er óskað eftir að tilnefndir verði fjórir einstaklingar, tveir karlar og tvær konur. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal þá skýra ástæður þess. Er þetta gert með skirskotun til ákvæðis 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafnan rétt kvenna og karla til setu í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Fyrir hönd ráðherra

Hellen Gunnarsdóttir
Hellen Gunnarsdóttir

Björg Pétursdóttir
Björg Pétursdóttir

